

***BORGARRÁÐ 16. janúar 2020: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mótun fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar - R20010219***

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja það til að hafinn verði vinna við það að móta fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar. Markmið með mótun fjölskyldustefnu er að tryggja að við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð á vettvangi Reykjavíkurborgar sé sérstaklega gætt að hagsmunum barna, unglinga og fjölskyldna. Fjölskyldustefnan skal vera skýr en þó lifandi plagg sem er endurskoðað reglulega.

**Greinargerð:**

Fjölskyldan er mikilvægasta eining hvers samfélags og allar framfarir og framkvæmdir sem samfélög ráðast í miða að því að styrkja fjölskylduna á einn eða annan hátt. Þannig eru öll samfélög fjölskyldumiðuð og stefnan væri fyrst og fremst að bættum hag íbúanna. Fjölskyldueiningin verður sífellt fjölbreyttari og þarfir íslenskra fjölskyldna breytast með tímanum, því er mikilvægt að þjónusta sveitarfélaga taki mið af því og sé þannig sveigjanleg og fjölbreytt. Tilgangur fjölskyldustefnunnar er sá að ná fram heildarsýn á þjónustu sveitarfélagsins við íbúa, gera starfið í málefnum fjölskyldunnar markvissara og auka lífsgæði íbúa með bættri þjónustu til lengri og skemmri tíma. Stefnan væri gerð með það að leiðarljósi að gera Reykjavík að fyrsta flokks fjölskylduborg.